

Örugg vinnubrögð, örugg bráðahjúkrun

Hugmyndafræði

•Allir hafa jafnan rétt á viðeigandi bráðahjúkrun hverju sinni. Borin er virðing fyrir ólíkum skjólstæðingum og ekki er farið í manngreiningarálit. Forgangsröðun, fyrstu meðferðir og umönnun bráðveikra og slasaðra er einn mikilvægasti þáttur bráðahjúkrunar. Góð teymisvinna við aðrar fagstéttir er ein forsenda þess að allir fái viðeigandi þjónustu. Bráðahjúkrun er fjölskyldumiðuð hjúkrun þar sem ekki er hægt að undanskilja fjölskyldu og umhverfið frá skjólstæðingnum á erfiðum stundum. Forvarnir eru vaxandi þáttur í störfum bráðahjúkrunarfræðinga sem skila sér til baka í íslenskt samfélag.

Hlutverk

•Bráðahjúkrunarfræðingurinn ber ábyrgð á störfum sínum og gætir fyllsta trúnaðar enda það oft forsenda þess að skjólstæðingurinn leitar hans aðstoðar. Bráðahjúkrunarfræðingurinn hjúkrar með þarfir skjólstæðingsins í fyrirrúmi en um leið leggur sérstaka áherslu á góða umönnun fjölskyldunnar. Góð samvinna við aðrar stéttir er nauðsynleg þar sem unnið er að bata og velferð viðkomandi.

Framtíðarsýn

•Örugg vinnubrögð, örugg bráðahjúkrun.
•Með frumkvæði og sem málsvavar skjólstæðinga hafa bráðahjúkrunarfræðingar áhrif á framtíð bráðahjúkrunar sem fag og gæði veittrar þjónustu. Efla þarf enn frekar kennslu, ráðgjöf og rannsóknir í bráðahjúkrun. Auka þarf frekari þátt bráðahjúkrunarfræðinga í forvarnarstarfi.

Hjúkrunarþjónusta

aukin samvinna við aðrar
sérgreinar hjúkrunar
efling lýðheilsu
uppbygging bráðþjónustu
aukin sérfræðiþekking

Öryggi og gæði

Gæðavísar og
árangursmælikvarðar
Umhverfi
Öryggi
Mönnun
Rafræn hjúkrunarskráning

Leiðtogahlutverk

Sjálfstæði
Frumkvæði
Virkir þátttakendur
Þekking, reynsla, sjónarmið
Styrkja hlutverk og valdsvið
sérfræðinga í hjúkrun

Menntun, þekking og þróun

Alþjóðlegir
menntastaðlar
Klínískt nám
Færni, reynsla
Starfsþróun

Upplýsingatækni

Rafræn hjúkrunarskráning
Rafræn gögn
Tækni- og hugbúnaður